

4

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐSkuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.isHrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 FlúðirReykjavík 7. júlí 2021  
Tilv.: UMH21040153/8.5.8

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur fjallað um umsóknir sem bárust ráðuneytinu á grundvelli auglýsingar dags. 18. mars 2021 um úthlutun styrkja til verkefna sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis á Íslandi. Umsóknarfrestur rann út þann 30. apríl 2021. Alls bárust ráðuneytinu 54 umsóknir og veittir voru 31 styrkur til lögaðila. Öll innsend verkefni voru metin og gefin voru stig fyrir hvernig þau féllu að áherslum. Stigahæstu verkefni fengu úthlutun. Upplýsingar um styrkhafa ásamt styrkuppþæð verður hægt að nálgast á vef Stjórnarráðsins, á slóðinni [www.uar.is](http://www.uar.is) á næstu dögum.

Athygli skal vakin á því að samkvæmt gildandi úthlutunarreglum sem fylgdu ofangreindri auglýsingu kemur meðal annars fram að ekki eru veittir styrkir til verkefna sem eru á fjárlögum eða falla undir sérstaka samninga, kostnaður vegna reksturs félagasamtaka, verkefna sem tengjast förgun úrgangs, meistaraprófs- eða doktorsverkefna né rannsókn- eða vöktunarverkefna sem falla undir lögbundin verkefni stofnana ríkisins, sjá nánar: [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Reglur\\_hringr%c3%a%lsarhagkerfis\\_2021-03-18.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Reglur_hringr%c3%a%lsarhagkerfis_2021-03-18.pdf)

Verkefnið Seyrusöfnun í Uppsveitum Árnassýslu og endurýtt sem áburður var ekki eitt af þeim verkefnum sem fékk úthlutað af þeim fjármunum sem voru til ráðstöfunar.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Hafsteinn Pálsson